

Fyrirspurnir og svör - augasteinsaðgerðir

Fyrirspurn dags. 16. júní 2021. – [Svör í rauðu lettri](#)

Í tilefni útboðs augasteinsagerða.

Er heimilt að selja hinum tryggða viðbótarvöru ?

Sí greiða eingöngu fyrir samningsbundna þjónustu og íhluti / vöru sem fella undir samning aðila og í samræmi við ákvæði hans.

Ef hinn tryggði uppfyllir skilyrði til augasteinsaðgerðar með greiðsluþátttöku Sí, má selja honum viðauka við aðgerðina? ss multifokal augastein sem lækna eða skyld starfsemi þeirra flytur inn, og greiðir þá Sí aðgerð að fullu og augastein sem nemur verði á monofokal augasteini ?
Í raun er þá um að ræða ríkisniðurgreiðslu á dýrari aðgerð en samningurinn fjallar um.

Í lokamálgrein 4. gr. samnings Sí um augasteinsaðgerðir segir : „Ef sjúklingur sem uppfyllir skilyrði, skv. fylgiskjali C, óskar eftir margbrotnum linsum eða sjónskekkjulinsum, skv. fylgiskjali E, greiða Sí sömu upphæð og gildir um linsu skv. gjaldlið 51-01A-10 í ofangreindri gjaldskrá. Sí greiða ekki fyrir sérstakt viðtal og skoðun vegna þessa.“ Skv. fylgiskjali E er ekki gert ráð fyrir að þessar aðgerðir fari yfir 12% aðgerða.

Mega tilboðsgerendur selja hinum tryggða aukalega vörur eða lyf, lyfseðlaskyld og ekki. Td væri hægt að vera með ódýrt viscoelastic í tilboði en selja svo sjálfur dýrari gerð sem tilboðsgerandi eða skyld starfsemi flytur inn og fá þannig niðurgreiðslu á dýrari vöru, þegar hún er boðin í upphafi aðgerðar. Sama yrði gert með tárangatóppum og tárardropum og fæðubótarefnum og öðru því sem innflutningsfyrirtæki tengd rekstri augnlækninga stunda nú.

[Sjá svar við fyrstu spurningu.](#)

Þetta er vel þekkt í heilbrigðisiðnaði og áreiðanlega víðar undir enska heitinu top-up gjöld.

Spurning þessi er sett fram af nauðsyn þar sem hægt er að gera undirboð og selja síðan ríkisniðurgreiddar dýrari aðgerðir.

Í von um skýr svör